

**Nd.**

**582. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Ný grein á eftir 24. gr.:

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kanpa á allt að 3 miljónum króna í bankavaxtabrjefum, er gefin verða út samkvæmt lógum þessum. Vaxtabrjef þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum brjefanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr floknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlans af.

Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiftum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.